

um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópium o. fl. nr. 14 20. júní 1923.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verður 5. gr. svo hljóðandi:

Óheimilt er að hafa undir höndum eða varðveita, veita viðtöku, gefa, afhenda, selja eða verzla með hvers konar lyf og efni, er ákvæði laga þessara taka til og ólöglega eru flutt inn eða framleidd. Gera skal upptæka til ríkissjóðs slíka vöru og hagnað af verzlun með hana.

2. gr.

5. gr. laganna verður 6. gr. og orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 1 milljón króna eða varðhaldi og fangelsi allt að 6 árum, ef um stórfellt brot er að ræða. Það telst stórfellt brot, ef lyfjum þeim eða efnum, sem undir löginn falla og ólöglega eru flutt inn eða framleidd, er dreift til hóps manna eða þau seld gegn verulegu gjaldi, eða ef um er að ræða innflutning, útflutning, vörzlu, verzlun, móttöku, afhendingu, framleiðslu eða vinnslu þessara lyfja eða efna í því skyni að selja þau eða dreifa þeim til hóps manna eða gegn verulegu gjaldi með öðrum hætti en lög þessi eða lyfsölulög heimila.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

6. gr. laganna verður 7. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli laga nr. 43 2. maí 1968 inn í lög nr. 14 20. júní 1923 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um tilbúning og verzlun með ópium o. fl. nr. 14 20. júní 1923, sbr. lög nr. 43 2. maí 1968 um breyting á þeim lögum, er ekkert ákvæði um bann við vörzlu eða meðferð lyfja þeirra og efna, sem löginn taka til eða úrskurða má, að falli undir ákvæði þeirra og ólöglega eru innflutt eða framleidd, né heldur hafa þau ákvæði um upptöku slíks varnings eða ágóða af verzlun með hann. Þá eru refsíákvæði laganna orðin úrelt. Þetta frumvarp er ætlað til að ráða bót á þessum göllum, en frumvarpið er samið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í samráði við dr. Þorkel Jóhannesson, prófessor í lyfjafræði við læknadeild Háskóla Íslands, og ráðunaut heilbrigðisstjórnarinnar í lyfjamálefnum.

Um 1. gr.

Í greininni eru ákvæði, sem lýsa óheimilt að hafa undir höndum lyf og efni, sem falla undir löginn og ólöglega eru innflutt eða framleidd, og lýsa óheimila hvers konar aðra meðferð slíks varnings. Þá eru einnig í greininni ákvæði um upptöku á slíkum varningi til ríkissjóðs, svo og hagnaði af verzlun með hann.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um viðurlög við brotum á lögnum. Núgildandi refsíákvæði 5. gr. laganna eru orðin úrelt, þar sem krónutala sektarákvæða er orðin of lág og hámarksrefsing er aðeins varðhald, þ. e. a. s. fangelsi í skilningi hegningarlagaákvæða fyrir gildistöku hegningarlaganna frá 1940. Sektarhámark er því hækkað í 1 millj. króna, en hámark samkvæmt núgildandi 5. gr. er kr. 10 þús., sbr. þó lög nr. 14 8. marz 1948 um ákvörðun fésekta.

Þá er það nýmæli í greininni, að lögð er fangelsisrefsing við stórfelldum brotum og hámark sett 6 ár. Jafnframt er skilgreint í greininni, hvað stórfellt brot á lögnum sé. Refsíákvæði þetta er í samræmi við refsíákvæði nágrannalandanna við sams konar brotum, en þar hafa slík ákvæði verið sett í lög á undanfórnum árum, því mjög óheillavænleg þróun hefur átt sér stað í meðferð efna þeirra og lyfja, sem lög þessi taka til og því reynzt nauðsynlegt að setja strangari refsingar við brotum á lögum um meðferð ávana- og fíknilyfja og efna.